



Fuglamerkingar 2016

Árið 2016 var 96. ár fuglamerkinga á Íslandi og það 85. í umsjón Íslendinga. Fimmtú og fimm merkingamenn skiliðu skýrslum um merkingu á alls 16.476 fuglum af 81 tegund. Þetta er metfjöldi merkingamanna og 3. stærsta ár frá upphafi í fjölda merktra. Mest var merkt af auðnutittlingum, 3810 fuglar en næstmeist af skógarþresti, 2051 fugl. Eftir langvarandi afkomubrest hjá kríum voru merkingar á kríum óvenju miklar á árinu eða 1852 fuglar, sem er afar jákvæð þróun sem vonandi markar lok mögru áranna.

Starfslið

Fuglamerkingaráð: Guðmundur A. Guðmundsson (formaður), Kristinn H. Skarphéðinsson, Ólafur K. Nielsen, Svenja N.V. Auhage, Anna Sveinsdóttir, Kjartan Birgisson og Trausti Baldursson.

Dagleg umsýsla: Guðmundur A. Guðmundsson og Svenja N.V. Auhage (0,23 og 0,20 ársverk).

Fuglamerkingar

Alls voru 16.476 fuglar af 81 tegund merktir árið 2016 og voru tvær tegundir merktar í fyrsta sinn (samtala 1921-2016, 697.347 fuglar af 156 tegundum; 1. tafla). Óvenju fáar tilkynningar bárust á árinu um endurheimtur og álestra á merki frá öðrum en merkingamönnum sem skiliðu metfjölda endurheimta egin merkja og annarra á árinu eða á 17. hundraðið. Vegna anna við önnur verkefni voru aðeins 280 endurheimtur afgreiddar á árinu, en enn bíða um 2500 kontról frá merkingamönnum síðustu tvö ár afgreiðslu auk endurheimta 2016 á fuglum merktum sama ár (samtala 1921-2016, 55.603 skráðir endurfundir merkja í gagnagrunni).

- Virkir merkingamenn (þ.e. þeir sem merktu einhvern fugl á árinu) voru 55 talsins árið 2016 (2. tafla) sem eru fleiri en nokku sinni áður.
- Tveir nýir liðsmenn fuglamerkinga bættust við á árinu. Þeir eru Sunna Björk Ragnarsdóttir (419) og Margrét Rögnvaldsdóttir (420).
- Fjórir aðilar merktu yfir 1000 fugla á árinu 2016. Það voru Sverrir Thorstensen sem merkti 3324 fugla, Ingvar A. Sigurðsson merkti 2279 fugla, Fuglaathugunarstöð Suðausturlands merkti 2229 fugla og Gunnar Þór Hallgrímsson 1480 (2. tafla).
- Tvær tegundir voru merktar í fyrsta sinn á árinu. Þorvaldur Björnsson merkti fimm brandandarunga *Tadorna tadorna* í Svefneyjum, Breiðafirði 22. júní. Þann 10. október kom hrístittlingur *Emberiza rustica* í net Fuglaathugunarstöðvar Suðausturlands í Einaraslundi.
- Mest var merkt af eftirtöldum tegundum árið 2016: 3810 auðnutittlingar, 2051 skógarþrestur, 1852 kríur, 1007 ritur og 766 lundar (1. tafla). Vonandi endurspeglar næstmesti fjöldi merktra kría frá upphafi (38 fullvaxnir og 1813 ungar) að varpárangur sé loksins að lagast hjá þeim, en ekki hafa verið merktar fleiri á einu ári síðan 2009.

- Þær tólf tegundir sem mest hefur verið merkt af frá upphafi eru: 80.800 snjótittlingar, 77.904 lundar, 65.288 skógarþrestir, 55.809 kríur, 36.079 ritur, 31.939 fýlar, 21.239 skúmar, 20.812 auðnutittlingar, 20.245 teistur, 19.542 æðarfuglar (þ.a. 4485 eldisungar), 17.493 langvíur og 16.741 þúfutittlingur (1. tafla).

Endurheimtur

Alls endurheimtust 29 fuglar með erlend merki á árinu og var uppruni þeirra eftirfarandi: 21 frá Bretlandseyjum, 5 frá Noregi og eitt merki frá hverju eftirtalinna landa: Belgía (hettusöngvari), Holland (rauðbryustingur) og Portúgal (stormsvala). Þessi upptalning er reyndar ansi hjákátleg þegar ekki eru með taldir hundruðir álestra á litmerkta fugla af ýmsu tagi sem merktir hafa verið hérlandis og erlendis s.s. álfir, heiðagæsir, grágæsir, blesgæsir, margæsir, tjaldar, sandlour, jaðrakanar, stelkar, rauðbryustingar, sanderlur, tildrur og sílamáfar, svo eitthvað sé talið. Því miður eru flestir álestrar á litmerki enn óskráðir í gagnagrunn fuglamerkinga og skortir okkur yfirsýn á mörg stór gagnasöfn sem umsjónarmenn einstakra verkefna halda í. Átak hefur verið gert í samantekt gagna fyrir nokkrar tegundir og samanburð við þær tilkynningar sem sendar hafa verið til Náttúrufræðistofnunar og þar með ratað í gagnagrunn okkar. Dæmi um það eru álestrar á sílamáfa og blesgæsir sem eru komnir í gott horf. Einnig hefur verið farið yfir tilkynningar frá einstökum athugendum og ber þar hæst Guðmund Örn Benediktsson á Kópaskeri sem hefur um árabil lesið á merkta fugla víðsvegar um Melrakkasléttu.

Tilkynnt var um endurfundi tveggja íslenskra kría erlendis frá árinu (26. og 27. endurheimta erlendis). Að þessu sinni voru báðir fuglarnir endurheimtir vestan hafs, en fyrir áttum við bara eina endurheimtu kríu þeim megin Atlantsála, frá Brasilíu 24. október 2010. Þann 4. júlí 2016 var lesið á stálmerki ársgamallar kríu á Seal Island í Maine-fylki í Bandaríkjunum og hafði sú verið merkt sem ófleygur ungi tæpu ári áður við Jökulsárlón á vegum Fuglaathugunarstöðvar Suðausturlands. Þann 4. nóvember 2016 fannst kría aðframkomin í Linharesborg í Brasilíu og dó skömmu síðar. Sú hafði verið merkt af Ólafi Torfasyni við Kálfatjörn á Vatnsleysuströnd sem fullorðin á hreiðri 12. júní 2000 með merki nr. 754667. Fuglinn var 9399 km frá merkingastað og mesti ferðalangur ársins og er þetta jafnframt 10. lengsta skráða ferðalag íslensks fuglamerkis frá upphafi.

Tilkynnt var um nokkra aðra fugla sem náðust eða sáust mjög fjarri merkingarstað. Tilkynning barst um spóa með íslenskt merki (575459) sem hafði verið skotinn í Senegal um miðjan apríl 2013, 5873 km frá merkingastað. Það var Kristlaug Pálsdóttir sem merkti spóann sem ófleygan unga í Engidal 23. júní 2004. Tilkynnt var um álestra á two litmerkta sílamáfa með íslensk merki (YA61 og YC57) í Kartong í Gambíu í nóvember og desember 5680 km frá merkingastað. Guðmundur Örn Benediktsson sá 18. og 19. sanderluna á Melrakkasléttu með litmerki frá Iwik village, Banc d'Arguin í Máritaníu 5160 km frá Sléttu. Hann hefur áður fundið samtals 14 sanderlur litmerktar í Ghana sem komnar voru um 6910 km veg.

Ný íslensk aldursmet. Álf tin BXN (nr. A1495) sást á árinu og las Sverrir Thorstensen á hana hjá Arndísarstöðum í Bárðardal 4. maí 2016 þá 29 ára og 11 mánaða (3. tafla). Ekki er eldri álf að finna á lista EURING yfir evrópsk aldursmet. Stormsvala endurheimtist í merkingarleiðangri í Elliðaey á ágústbyrjun sem merkt var fullvaxin á sama stað 20. ágúst 1988 og var því a.m.k. 29 ára gömul. Loks var lesið á merki auðnutittlings á Húsavík sem merktur var þremur árum fyrr á sama stað, þá a.m.k. 10 mánaða. Líklegt er að fleiri aldursmet auðnutittlinga leynist meðal tilkynninga frá merkingamönnum síðustu 2 árin. Yfirlit íslenskra aldursmeta fylgir þessari skýrslu (3. tafla) með samanburði við skráð evrópsk aldursmet þessara tegunda. Reyndar virðist Euring skránni vera illa við halddið því litlar breytingar hafa orðið á henni frá 2010 og tilkynntum nýjum íslenskum aldursmetum hefur ekki verið bætt við.

Gagnavarsla

Merkinga- og endurheimtugögn eru varðveitt í SQL gagnagrunni sem stýrt er með sérhæfðu umsýsluforriti (Flygill) og með fyrirspurnum gegnum Microsoft Access. Merkingaskýrslur 2016 voru nær allar rafrænar og fylgir því mikið hagræði. Skjölín eru tilbúin til innflutnings í gagnagrunninn og léttir það mjög vinnuna. Í árslok 2016 voru 98% allra merkinga og 97% endurheimta komnar í grunninn. Því er aðeins lokahníkkur eftir í skráningu eldri gagna í gagnagrunn og á aðeins eftir að slá inn í gagnagrunn um tvö þúsund merki af stærð 9A og um 13.000 merkingar á vegum Skovgaard.

	Áætlaður fjöldi 1921-2016	Færslur 31. des. 2016	Í gagna- grunni
Merkingar	697.300	680.000	98%
Endurheimtur*	59.800	58.100**	97%

* Inniheldur "kontról" á sama stað. ** Þar með talin kontról 2015 og 2016 á rafrænu formi.

Vinna við samræmingu kóðunar íslensku merkinga- og endurheimtugagnanna við staðal EURING, sem eru regnhlífarsamtök umsjónaraðila fuglamerkinga í Evrópu, var fram haldið. Notaður er EURING 2000 staðall sem gerir okkur kleift að yfirlæra öll íslensk gögn í sameiginlegan evrópskan gagnagrunn (EDB). Lokið hefur verið við endukóðun allra íslenskra endurheimta erlendis og þeim skilað til EDB. Vinna er hafin á vegum EURING við gerð endurheimtuatlas úr öllum tiltækum gögnum frá Evrópu.

Merkingaleiðangrar

Í byrjun júlí leiddi Ólafur Á. Torfason sinn 22. leiðangur í Skrúð síðan 1995. Merktir voru 588 fuglar: 20 fullorðnar súlur og 230 súluungar, 305 langvíur og 33 ritur. Alls hafa verið merktir 23.530 fuglar í Skrúð síðan 1995. Náttúrustofa Suðurlands stóð fyrir leiðangri út í Elliðaey 5.-7. ágúst til sæsvölumerkinga. Merktar voru 208 sjósvölur og 265 stormsvölur.

Norsk Polarinstitutt hefur verið í samstarfi við íslenska vísindamenn síðan 2014 í svo kölluðu Seatrack verkefni um gagnaöflun um ferðir 10 sjófuglategunda með hjálp s.k. dægurrita (e: geolocator). Út frá mælingum á birtu má tímasetja sólfgang og reikna út frá honum grófar daglegar staðsetningar. Til þess að það sé hægt þarf að endurveiða fuglana sem bera tækin og hlaða niður upplýsingunum sem tækin safna. Árin 2014 og 2015 var 492 fuglum sleppt með svona búnað og hafa 259 þeirra náðst aftur, eða 52,6%. Árið 2016 var 289 tækjum til viðbótar komið fyrir á fuglum. Porkell Lindberg og félagar hjá Náttúrustofu Norðausturlands fóru í sjófuglabyggðir viða á Norðurlandi og merktu sjófugla með dægurritum: 33 langvíur fengu tæki og 18 endurheimtust frá fyrri árum, 27 stuttnefjur fengu tæki en 12 endurheimtust, 30 ritur fengu tæki en 15 endurheimtust, 30 fýlar fengu tæki en 18 endurheimtust. Starfsmenn Náttúrustofu Suðurlands merktu 40 lunda með dægurritum og endurheimtu 34. Starfsmenn rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Snæfellsnesi merktu 46 æðarfugla með dægurritum og endurheimtu 34. Starfsmenn Náttúrustofu Reykjaness merktu 30 sílamáfa með dægurritum og endurheimtu 5, merktu 7 silfurmáfa og endurheimtu 6, merktu 16 hvítmáfa og endurheimtu 6 og merktu 30 toppskarfa og endurheimtu 11 af þeim 20 sem merktir voru 2015.

Óvenju fáir erlendir aðilar komu til landsins á árinu til fuglamerkinga. Professor S. Bearhop stóð fyrir merkingum á margæsum á Innnesjum og voru 76 fuglar nýmerktir og voru 10 þeirra búin GPS gagnaritum. Fjögurra manna leiðangur á vegum Tony Fox rannsakaði blesgæsir á Hvanneyri í september og merktu m.a. 41 blesgæs og voru 10 þeirra búin GPS gagnaritum.

Úrvinnsla, kynning og birtning gagna

Nokkrar beiðnir um tölfræði vegna merkinga og endurheimta eða afhendingu endurheimtugagna til úrvinnslu bárust á árinu og vörðuðu díflaskarf, stelk, álku, lunda, svartfugla og snjótittling. Í flestum tilfellum var hægt að láta umbeðnar upplýsingar af hendi.

Nokkrar greinar og útdrættir rannsókna sem byggja á fuglamerkingum birtust á árinu. Þórður Örn Kristjánsson varði doktorsritgerð sína við Háskóla Íslands sem hann nefir “Varpvistfræði æðarfugls (*Somateria mollissima*) við Breiðafjörð” og er að hluta til byggð á rannsóknum á merktum fuglum (Þórður Örn Kristjánsson 2016).

Tvær greinar um ferðir spóa voru birtar á árinu; Tómas Grétar Gunnarsson og Guðmundur A. Guðmundsson tóku saman allar tiltækar endurheimtur íslenskra spóa erlendis og bentu þær til að líkur væru á að þeir ferðuðust mögulega án viðdvalar á leið sinni milli varpstöðva á Íslandi til vetrarstöðva í V-Afríku (Gunnarsson & Guðmundsson 2016). Alves og félagar birtu svo niðurstöður nýrra rannsókna með hjálp dægurrita sem sýndu að spóar geta flogið a.m.k. 5.500 km leið viðstöðulaust á ferðum sínum á milli varp- og vetrarstöðva (Alves o.fl. 2016).

Dægurritar komu við sögu í fimm öðrum greinum um íslenska fugla. Morten Frederiksen og félagar birtu grein um ferðir og vetrarstöðvar stuttnefja í Atlantshafi (Frederiksen o.fl. 2016). Porkell Lindberg Þórarinsson og félagar tóku saman yfirlit yfir farhætti íslenskra svartfugla (Porkell Lindberg Þórarinsson o.fl. 2016). Garthe og samverkamenn birtu grein um ferðir súlna úr Skrúði. Þeir veltu fyrir sér, vegna legu landsins, hvort þær færð vestur um haf á vetrum. Þeir 15 fuglar sem náðust aftur höfðu allir eytt vetrinum við austanvert Atlantshaf frá Skotlandi til V-Afríku (Garthe o.fl. 2016). Það er í góðu samræmi við hefðbundin merkingagögn því aðeins er til ein endurheimta íslenskrar súlu við V-Grænland og tvær súlur merktar við Funk Island, Nýfundalandi, hafa endurheimst hérلendis. Hansen og félagar birtu grein um ferðir og vetrarstöðvar æðarkolla frá Svalbarða og komu þar fram mjög sterkt tengsl við Ísland. Af 47 endurheimtum kollum höfðu 36 (77%) dvalið við strendur Íslands að vetrarlagi en hinari 11 við strendur N-Noregs (Hanssen o.fl. 2016). Loks kynntu Ævar Petersen og Sverrir Thorstensen helstu niðurstöður rannsókna sinna á fuglum í Breiðafirði með ýmiss konar tækjabúnaði (Ævar Petersen & Sverrir Thorstensen 2016).

Heimildir og greinar sem tengjast íslenskum fuglamerkingum birtar 2016

Alves, J.A., M.P. Dias, V. Mendez, B. Katrinardottir & T.G. Gunnarsson 2016. Very rapid long-distance sea crossing by a migratory bird. – *Scientific Reports* 6, Article Number: 38154, (doi: 10.1038/srep38154).

Frederiksen, M., S. Descamps, K.E. Erikstad, A.J. Gaston, H.G. Gilchrist, D. Gremillet, K.L. Johansen, Y. Kolbeinsson, J.F. Linnebjerg, M.L. Mallory, L.A.M. Tranquilla, F.R. Merkel, W.A. Montevercchi, A. Mosbech, T.K. Reiertsen, G.J. Robertson, H. Steen, H. Strom & T.L. Thorarinsson 2016. Migration and wintering of a declining seabird, the thick-billed murre *Uria lomvia*, on an ocean basin scale: Conservation implications. – *Biological Conservation* 200: 26-35.

Garthe, S., G.T. Hallgrímsson, W.A. Montevercchi, D. Fifield & R.W. Furness 2016. East or west? Migration routes and wintering sites of Northern Gannets *Morus bassanus* from south-eastern Iceland. – *Marine Biology* 163 (7): Article Number 151 (doi:10.1007/s00227-016-2918-7).

Gunnarsson, T. & G.A. Guðmundsson 2016. Migration and non-breeding distribution of Icelandic Whimbrels *Numenius phaeopus islandicus* as revealed by ringing recoveries. – *Wader Study* 123(1): 44-48 (doi: 10.18194/ws.0003).

Hanssen, S.A., G.W. Gabrielsen, J.O. Bustnes, V.S. Brathen, E. Skottene, A. Fenstad, H. Strom, V. Bakken, R. Phillips & B. Moe 2016. Migration strategies of common eiders from

Svalbard: implications for bilateral conservation management. – Polar Biology 39 (11): 2179-2188.

Porkell Lindberg Þórarinsson, Jannie Fries Linnebjerg, Yann Kolbeinsson, Erpur Snær Hansen, Aðalsteinn Örn Snæþórsson, Ingvar Atli Sigurðsson & Böðvar Þórisson 2016. Farhættir og vetrarstöðvar íslenskra svartfugla. Ágrip erindis á ráðstefnu VISTÍS 3. mars 2016.

Þórður Örn Kristjánsson 2016. Varpvistfræði æðarfugls (*Somateria mollissima*) við Breiðafjörð (Breeding ecology of the Common Eider (*Somateria mollissima*) in Breiðafjörður, West Iceland). – Doktorsritgerð við Háskóla Íslands.

Ævar Petersen & Sverrir Thorstensen 2016. Nýlegar rannsóknir á fuglum í Breiðafjarðareyjum með notkun ljósrita og annarra tækja. – Breiðfirðingur 2016: 174-190.

Urriðaholti í Garðabæ 10. maí 2017

Guðmundur A. Guðmundsson og Svenja N.V. Auhage

1. tafla. Merktir fuglar 2016 skipt eftir tegundum og aldri (fullvaxnir og ófleygir) ásamt heildarfjölda þeirra frá upphafi merkinga 1921 til og með 2016. Sjaldgæfum tegundum er öllum steypt saman í eina heildartölu, og tífundaðar neðanmáls, bæði merkinga 2016 og heidartala frá upphafi.

EUR	Tegund	Species	2016			Samtals 1921-2016		
			Fully.	Ungar	Alls	Fully.	Ungar	Alls
20	Lómur	<i>Gavia stellata</i>	6		6	298	264	562
40	Himbrimi	<i>Gavia immer</i>	4		4	12	0	12
110	Flórgöði	<i>Podiceps auritus</i>				166	380	546
220	Fýll	<i>Fulmarus glacialis</i>	99	148	247	26793	5146	31939
460	Skrofa	<i>Puffinus puffinus</i>	8	19	27	278	301	579
520	Stormsvala	<i>Hydrobates pelagicus</i>	271		271	5857	14	5871
550	Sjósvala	<i>Oceanodroma leucorhoa</i>	213		213	8605	136	8741
710	Súla	<i>Morus bassanus</i>	20	230	250	1405	6284	7689
720	Dílaskarfur	<i>Phalacrocorax carbo</i>				4	3406	3410
800	Toppskarfur	<i>Phalacrocorax aristotelis</i>	64	57	121	2220	4995	7215
1540	Álf	<i>Cygnus cygnus</i>	27	34	61	4337	3577	7914
1580	Heiðagæs	<i>Anser brachyrhynchus</i>				5532	7926	13458
1590	Blesgæs	<i>Anser albifrons</i>	41		41	387	0	387
1610	Grágæs	<i>Anser anser</i>	41	107	148	1022	2114	3136
1670	Helsingi	<i>Branta leucopsis</i>				40	13	53
1680	Margæs	<i>Branta bernicla</i>	90		90	1604	0	1604
1790	Rauðhöfðaönd	<i>Anas penelope</i>	10		10	342	1934	2276
1820	Gargönd	<i>Anas strepera</i>				64	173	237
1840	Urtönd	<i>Anas crecca</i>		1	1	218	956	1174
1860	Stokkönd	<i>Anas platyrhynchos</i>	4	38	42	403	2129	2532
1890	Grafönd	<i>Anas acuta</i>				71	246	317
2030	Skúfönd	<i>Aythya fuligula</i>	1		1	341	994	1335
2040	Duggönd	<i>Aythya marila</i>	1		1	559	1452	2011
2060	Æður ¹⁾	<i>Somateria mollissima</i>	456	279	735	10453	9089	19542
2110	Straumönd	<i>Histrionicus histrionicus</i>				130	152	282
2120	Hávella	<i>Clangula hyemalis</i>	4		4	577	862	1439
2130	Hrafnssönd	<i>Melanitta nigra</i>	5		5	622	437	1059
2170	Húsönd	<i>Bucephala islandica</i>				612	364	976
2210	Toppönd	<i>Mergus serrator</i>	3		3	270	123	393
2230	Gulönd	<i>Mergus merganser</i>				9	8	17
2430	Haförn	<i>Haliaeetus albicilla</i>		27	27	12	656	668
3090	Smyrill	<i>Falco columbarius</i>	10	20	30	313	973	1286
3180	Fálki	<i>Falco rusticolus</i>	3	25	28	106	1658	1764
3300	Rjúpa	<i>Lagopus muta</i>	3		3	5042	4185	9227
4500	Tjaldur	<i>Haematopus ostralegus</i>	160	329	489	1613	8597	10210
4700	Sandlöa	<i>Charadrius hiaticula</i>	26	100	126	1841	7719	9560
4850	Heiðlöa	<i>Pluvialis apricaria</i>	246	48	294	1368	8197	9565
4960	Rauðbrystingur	<i>Calidris canutus</i>				6406	0	6406
4970	Sanderla	<i>Calidris alba</i>	356		356	2985	0	2985
5100	Sendlingur	<i>Calidris maritima</i>	2	8	10	3101	1182	4283
5120	Lóuþræll	<i>Calidris alpina</i>	4	13	17	4263	2109	6372
5190	Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>	36	96	132	1140	6193	7333
5320	Jaðrakan	<i>Limosa limosa</i>	17	23	40	961	1972	2933
5380	Spói	<i>Numenius phaeopus</i>	64	253	317	413	6219	6632
5460	Stelkur	<i>Tringa totanus</i>	23	118	141	1146	6852	7998
5610	Tildra	<i>Arenaria interpres</i>	98		98	4107	0	4107
5640	Óðinshani	<i>Phalaropus lobatus</i>	93	7	100	1177	3029	4206
5650	Pórshani	<i>Phalaropus fulicarius</i>				49	60	109
5670	Kjói	<i>Stercorarius parasiticus</i>	5	3	8	72	746	818
5690	Skúmur	<i>Catharacta skua</i>		70	70	168	21071	21239
5820	Hettumáfur	<i>Larus ridibundus</i>	1	41	42	375	12920	13295
5900	Stormmáfur	<i>Larus canus</i>	1	1	2	9	2591	2600
5910	Sílamáfur	<i>Larus fuscus</i>	186	211	397	2701	3425	6126
5920	Silfurmáfur	<i>Larus argentatus</i>	39		39	1025	2649	3674

1. tafla (frh.)

EUR	Tegund	Species	2016			Samtals 1921-2016		
			Fullv.	Ungar	Alls	Fullv.	Ungar	Alls
5980	Bjartmáfur	<i>Larus glaucopterus</i>	2		2	72	0	72
5990	Hvítmáfur	<i>Larus hyperboreus</i>	31	5	36	556	2584	3140
6000	Svartbakur	<i>Larus marinus</i>	52	24	76	431	3177	3608
6020	Rita	<i>Rissa tridactyla</i>	70	937	1007	3449	32630	36079
6160	Krífa	<i>Sterna paradisaea</i>	39	1813	1852	4850	50959	55809
6340	Langvíð	<i>Uria aalge</i>	160	204	364	11839	5654	17493
6350	Stuttnefja	<i>Uria lomvia</i>	19		19	1662	94	1756
6360	Álka	<i>Alca torda</i>				2884	2874	5758
6380	Teista	<i>Cephus grylle</i>	2	75	77	2366	17879	20245
6540	Lundi	<i>Fratercula arctica</i>	206	560	766	34320	43584	77904
7680	Brandugla	<i>Asio flammeus</i>				45	101	146
10110	Púfutittlingur	<i>Anthus pratensis</i>	321	59	380	8460	8281	16741
10200	Maríuerla	<i>Motacilla alba</i>	117	35	152	1885	6560	8445
10660	Músarrindill	<i>Troglodytes troglodytes</i>	90		90	764	162	926
11460	Steindepill	<i>Oenanthe oenanthe</i>	19	3	22	1412	3366	4778
11870	Svartþróstur	<i>Turdus merula</i>	71	5	76	713	104	817
12010	Skógarþróstur	<i>Turdus iliacus</i>	1888	163	2051	43096	22192	65288
13140	Glókollur	<i>Regulus regulus</i>	43		43	177	6	183
15720	Hrafn	<i>Corvus corax</i>		14	14	98	1557	1655
15820	Stari	<i>Sturnus vulgaris</i>	224	51	275	2531	1080	3611
16630	Auðnuttittlingur	<i>Carduelis flammea</i>	3788	22	3810	18468	2344	20812
18500	Snjótittlingur	<i>Plectrophenax nivalis</i>	196	12	208	78566	2234	80800
76 algengar tegundir			10079	6288	16367	332268	363900	696168
80 aðrar tegundir			104	5	109 ²⁾	1087	92	1179 ³⁾
Samtals			10183	6293	16476	333355	363992	697347

¹⁾ þ.m.t. æður eldisungar 4485.

²⁾ Sjaldgæfir 2016: brandönd 5u, skógarsnípa 1, hringdúfa 1, silkitoppa 4, glóbrystingur 2, vallskvetta 1, gráþróstur 9, söngþróstur 6, elrisöngvari 1, netlusöngvari 2, garðsöngvari 2, hettusöngvari 31, hnoðrasöngvari 5, gransöngvari 7, grágrípur 2, fjallafinka 3, krossnefur 26, hrístittlingur 1.

³⁾ Sjaldgæfir fuglar frá upphafi (fullvaxnir nema annað sé tekið fram): gráhegri 8, hnúðsvanur 1, dvergsvanur 1, kanadagæs 1, brandönd 5u, brúðönd 1, ljóshöfðaönd 1, skeiðönd 2 fv + 7u, skutulönd 1u, gráheiðir 1, fjallvákur 1, turnfálki 8, gunnfálki 1, hvítfálki 3, förufálki 5, keldusvín 10 fv + 11u, sefhæna 1, bleshaena 4, vepja 2 fv + 3u, dvergsnípa 1, skógarsnípa 5, lappajáðrakan 1, fjöruspói 1 fv + 3u, fjallkjói 3u, ísmáfur 2, kolperna 1u, haftyröll 50 fv + 2u, bjargdúfa 2u, hringdúfa 3 fv + 2u, tutildúfa 2, snæugla 3, eyrugla 6, mórvölungur 5, landsvala 10 fv + 4u, bæjasvala 2, skógtittlingur 1, gulerla 1, silkitoppa 16, runnatítlar 1, glóbrystingur 45, blábrystingur 1, garðaskotta 1, vallskvetta 2, gráþróstur 102 fv + 11u, söngþróstur 28, mistilþróstur 1, straumsöngvari 1, síkjasöngvari 4, dvalsöngvari 1, elrisöngvari 3, seljusöngvari 8, sefsöngvari 7, hauksöngvari 15, netlusöngvari 15, garðsöngvari 22, hettusöngvari 222, hnoðrasöngvari 16, gransöngvari 116, laufsöngvari 52, grágrípur 6, peðgrípur 1, flekkugrípur 2, laufglói 1, dvergkráka 8, kráka 1, græningi 1, bókfinka 15, fjallafinka 55 fv + 30u, grænfinka 1, þistilfinka 2, barrfinka 92 fv + 6u, hrímtittlingur 13, krossnefur 46, rósafinka 9, kjarnbítur 1, gulskrifka 1, hörputtittlingur 1, sporttittlingur 6, hrístittlingur 1.

2. tafla. Fjöldi merktra fugla 2016 skipt eftir merkingamönnum.

Nr.	Nafn	Fully.	Ungi	Alls
273	Arnór Þórir Sigfússon	18	85	103
407	Aron Leví Beck	1	103	104
417	Árni Ásgeirsson	3	0	3
261	Björn Hjaltason	223	4	227
415	Borgný Katrínardóttir	0	5	5
380	Böðvar Þórisson	65	22	87
254	Einar Ó. Þorleifsson	72	0	72
401	Ellen Magnúsdóttir	4	64	68
262	Erpur Snær Hansen	240	0	240
222	Finnur Logi Jóhannsson	108	64	172
388	Freydís Vigfúsdóttir	20	232	252
385	Fuglaathugunarstöð SA-lands	1470	759	2229
289	Guðm. A. Guðmundsson	139	55	194
316	Gunnar Tómasson	171	4	175
368	Gunnar Þór Hallgrímsson	915	565	1480
237	Gunnlaugur Pétursson	9	1	10
291	Halldór Walter Stefánsson	24	28	52
332	Hallgrímur Gunnarsson	0	7	7
405	Ingvar A. Sigurðsson	1717	562	2279
223	Jóhann Óli Hilmarsson	0	6	6
403	Jón Einar Jónsson	206	0	206
386	Jón Gunnar Jóhannsson	400	96	496
339	Jón H. Jóhannsson/Björk Guðjónsdóttir	0	103	103
309	Jón Magnússon	603	82	685
240	Kristinn H. Skarphéðinsson	0	17	17
410	Kristín Alísa Eiríksdóttir	1	6	7
270	Kristlaug Pálsdóttir	34	42	76
412	Lára Guðmundsdóttir	73	0	73
420	Margrét Rögnvaldsdóttir	6	0	6
296	Ólafur Einarsson	19	33	52
216	Ólafur K. Nielsen	4	25	29
322	Ólafur Torfason	107	583	690
409	Óskar Andri	268	0	268
284	Páll Leifsson	98	32	130
416	Pétur Halldórsson	4	0	4
414	Professor S. Bearhop	76	0	76
406	Róbert A. Stefánsson	0	3	3
250	Sigurður Ægisson	211	92	303
344	Smári Lúðvíksson	42	0	42
419	Sunna Björk Ragnarsdóttir	106	27	133
402	Svenja Auhage	1	10	11
248	Sverrir Thorstensen	1655	1669	3324
413	Sölví Rúnar Vignisson	132	2	134
374	T. Fox	41	0	41
365	Tómas Grétar Gunnarsson	332	386	718
097	Tryggvi Eyjólfsson	7	81	88
382	Vigfús Eyjólfsson	13	0	13
357	Yann Kolbeinsson	11	0	11
370	Þorkell L. Þórarinsson	79	0	79
381	Porlákur S. Helgason	58	210	268
333	Porlákur Sigurbjörnsson	365	130	495
228	Þorvaldur Björnsson	0	5	5
364	Þórir Snorrason	0	23	23
191	Ævar Petersen	26	31	57
371	Örn Þorleifsson	6	39	45
Samtals		10183	6293	16476

3. tafla. Aldursmet íslenskt merktra fugla (í árum), borin saman við Evrópumet (EUR) af lista Euring (Fransson o.fl. 2014). Standi "Ísland" í Evrópudálkinum á Ísland Evrópumetið.

Tegund	Merki nr.	ME_dags	ME_stáður	Merkjandi	Kyn	ME_aldur	EH_dags	EH_stáður	Atvik	Aldur	EUR
Lómur	110017	30.07.1980	Vogur, Mýrar, Mýr.	M. Enquist	Ungi	05.05.2002	Á sjó, Faxaflói, út af Hjörsey, Mýrar, Mýr.	Drapst í grásleppuneti	21,8	23,6	
Flórgoði	339160	07.07.2004	Víkingavatn, Kelduhverfi, N-þing	Þorkell L. Þórarinsson	F	Fullo. með hreiður	04.07.2013	Víkingavatn, Kelduhverfi, N-þing	Tekinn í net, sleppt með sama merki	>11,0	Ísland
Fyll	426129	17.10.1970	Stórhöfði, Heimaey, Vestm.	Óskar J. Sigurðsson		Fullvaxinn (1. ára+)	18.02.2011	Surtsey, Vestm.	Drapst í fiskineti	>41,4	>43,9
Skrøfa	443206	29.07.1974	Heimaey, Vestm.	Elías V. Jensson		Fullvaxinn (2. ára+)	21.03.1997	Elliðaey, Vestm.	Skotinn (ólööglega)	>23,7	>50,9
Stormsvala	9A1648	20.08.1988	Elliðaey, Vestm.	Erpur S. Hansen		Fullvaxinn (2. ára+)	07.08.2016	Elliðaey, Vestm.	Tekinn í mistnet, sleppt með sama merki	>29,0	>33,0
Sjósvala	931252	23.08.1986	Elliðaey, Vestm.	Erpur S. Hansen		Fullvaxinn (2. ára+)	18.08.2007	Elliðaey, Vestm.	Tekinn í mistnet, sleppt með sama merki	>22,0	>30,9
Súla	02282	20.08.1982	Eldey, Reykjanes, Gull.	Ragnar Jónsson	Ungi		31.08.2015	Newark Bay, Deerness, Mainland, Orkney	Fundinn dauður (÷ 2 mánaða gamalt hræ)	33,1	37,4
Dílaskarfur	0623	18.07.1976	Flatey, Breiðafjörður, A-Barð.	Ævar Petersen	Ungi		01.09.2008	Borgareyjar, Borgarfjörður, Mýr.	Skotinn	32,1	Ísland
Toppskarfur	18820	14.07.1977	Flatey, Breiðafjörður, A-Barð.	Arnbjörn Garðarsson	Ungi		13.09.1997	Grundarfjörður, Snæf.	Skotinn	20,2	>30,6
Álf	A1495	05.09.1986	Engivatn, Fljótshéði, S-þing.	Sverrir Thorstensen	Ungi		04.05.2016	Arndísarstaðir, Bárðardalur, S-þing.	Lesið á litmerki	29,9	Ísland
Heiðagæs	211118	29.07.1953	Pjórsárver, Hofsjökull, Miðh.	WT (P. Scott 1953)	Ungi		10.01.1977	Martin Mere, Rufford, Lancashire, England	Skotinn	23,5	40,9
Blesgæs	117259	23.04.1999	Hvanneyri, Andakíll, Borg.	Arnór Þ. Sigfússon	M	Fullvaxinn (3. ára+)	01.05.2013	Hvanneyri, Andakíll, Borg.	Lesið á litmerki	>16,0	>25,3
Grágæs	19780	27.07.1988	Reykjavík, vestur	Jóhann Óli Hilmarsson	Ungi		19.05.2004	Reykjavík, vestur	Fundinn illa haldinn, drepinn	15,8	24,0
Helsingi	118713	19.07.1999	Stemmulón, Öræfi, A-Skaft.	Arnór Þ. Sigfússon	F	Fullvaxinn (2. ára+)	01.01.2003	Dunfanaghy, Co. Donegal, Eire	Lesið á litmerki	>4,5	28,2
Margæs	18170	16.05.2001	Hausastaðir, Álfтанes, Garðabæ	Guðmundur A. Guðmundsson	M	Fullvaxinn (3. ára+)	16.05.2014	Álfтанes, Kjós.	Tekinn lifandi, endurmerktur	>15,0	28,8
Rauðhöfðaönd	V2053	19.06.1927	Hraun, Aðaldalur, S-þing.	Pétur Sigurðsson	F	Fullo. með hreiður	15.10.1938	Hagi, Aðaldalur, S-þing.	Tekinn af fálka	>13,3	35,2
Gargönd	43017	25.07.1949	Grímsstaðir, Mývatn, S-þing.	Jóhannes/Ragnar Sigfinnssynir	F	Fullo. með hreiður	03.07.1956	Grímsstaðir, Mývatn, S-þing.	Tekinn á hreiðri, endurmerktur	>8,9	>22,3
Urtönd	556465	23.08.1997	Hvallátur, Breiðafjörður, A-Barð	Arnór Þ. Sigfússon		Fullvaxinn (2. ára+)	15.05.2004	Yuroma, Arkhangelsk O., Russia	Skotinn	>7,7	21,5
Stokkond	228109	31.10.1998	Reykjavík, mið	Arnbjörn Garðarsson	F	Fullvaxinn (1. ára+)	06.11.2012	Álfтанes, Kjós.	Fundinn dauður	>14,0	23,3
Grafönd	320856	21.07.1982	Hrauney, Mývatn, S-þing.	Arnbjörn Garðarsson	M	Fullvaxinn (3. ára+)	11.01.1996	Crossac, Loire-atlantique, France	Skotinn	>15,5	>27,4
Skúfönd	4888	18.06.1947	Grímsstaðir, Mývatn, S-þing.	Jóhannes/Ragnar Sigfinnssynir	F	Fullo. með hreiður	15.06.1956	Grímsstaðir, Mývatn, S-þing.	Tekinn á hreiðri, endurmerktur	>11,0	>45,3
Duggönd	31204	10.06.1938	Grímsstaðir, Mývatn, S-þing.	Jóhannes/Ragnar Sigfinnssynir	F	Fullo. með hreiður	18.06.1947	Grímsstaðir, Mývatn, S-þing.	Tekinn á hreiðri, endurmerktur	>11,0	15,3
Æðarfugl	21585	14.06.1960	Skipalón, Hörgársveit, Eyf.	Snorri Pétursson	F	Fullvaxinn (2. ára+)	15.07.1985	Akureyri	Fundinn dauður, rekinn	>25,1	>36,8
Straumönd	337968	01.10.2003	Bugða, Kjós, Kjós.	Björn Hjaltason	F	Fullvaxinn (1. ár)	18.05.2011	Bugða, Kjós, Kjós.	Lesið á málmerki	7,9	Ísland
Hávella	437	06.06.1933	Grímsstaðir, Mývatn, S-þing.	Jóhannes/Ragnar Sigfinnssynir	F	Fullo. með hreiður	15.04.1949	Skjálfandi, S-þing.	Skotinn	>17,9	>22,7
Hrafnsond	328	23.06.1932	Grímsstaðir, Mývatn, S-þing.	Jóhannes/Ragnar Sigfinnssynir	F	Fullvaxinn (2. ára+)	11.06.1947	Grímsstaðir, Mývatn, S-þing.	Tekinn á hreiðri, endurmerktur	>16,0	Ísland
Húsönd	228026	20.08.1981	Rif, Mývatn, S-þing.	Arnbjörn Garðarsson	M	Fullvaxinn (2. ára+)	15.06.1996	Hólmavað, Aðaldalur, S-þing.	Fundinn dauður	>15,9	Ísland
Toppönd	212116	24.06.1982	Skipalón, Hörgársveit, Eyf.	Snorri Pétursson	F	Fullorðinn	16.03.1996	Eriskay, Western Isles, Scotland	Fundinn dauður (maðkaður)	>15,7	21,3
Gulönd	35632	30.06.1954	Hallgilsstaðir, Fnjóskadalur, S-þing	Tryggvi Stefánsson	F	Fullo. með hreiður	15.06.1955	Hallgilsstaðir, Fnjóskadalur, S-þing.	Tekinn á hreiðri, sleppt með sama merki	>3,0	14,8
Haförn	A1513	25.07.1989	Miklholtshhr., Snæf.	Trausti Tryggvason	Ungi		13.08.2005	Mýrar, Mýrasýlu	Fundinn illa haldinn, drapst	16,1	29,8
Smyrill	76516	04.07.1958	Valahnjúkar, Hafnarfjörður, Gull Árni Waag		Ungi		01.05.1965	Selvogur, Árn.	Fundinn dauður	6,8	10,1
Fálki	17637	16.07.1983	Reykjaheiði, N-þing.	Ólafur K. Nielsen	M	Ungi	16.06.2000	Víkingavatn, Kelduhverfi, N-þing.	Fundinn dauður (÷ 3-4 vikna gamalt hræ)	16,9	Ísland
Rjúpa	52901	24.07.1944	Bjarmaland, Öxarfjörður, N-þing	Theódór Gunnlaugsson	Ungi		05.12.1955	Sílalækur, Aðaldalur, S-þing.	Skotinn	11,4	Ísland
Tjaldur	477705	10.06.1989	Bakki, Tjörnes, S-þing.	Heimir Eiríksson	Ungi		17.05.2011	Kollur, Melrakkasléttá, N-þing.	Lesið á málmerki	21,9	43,3
Sandlöa	854744	07.07.1994	Stórutjarnir, Ljósavatnsskarð, S-þing	Sverrir Thorstensen	Ungi		31.07.2006	Einarlundur, Höfn, Hornafjörður, A-Skaft.	Tekinn í net, sleppt með sama merki	12,1	>20,8
Heiðlöa	624564	13.07.1986	Heimaey, Vestm.	Sigurgeir Sigurðsson	Ungi		28.04.2000	Lochmaddy, N-Uist, Western Isles, Scotland	Fundinn dauður	13,8	Ísland

Tegund	Merki nr.	ME_dags	ME_stáður	Merkjandi	Kyn	ME_aldur	EH_dags	EH_stáður	Atvik	Aldur	EUR
Rauðbrestingur	744654	25.07.1988	Sandgerði, Gull.	Guðmundur A. Guðmundsson	Fullvaxinn (2. ára+)	31.01.2006	Le Verdon-sur-Mer, Gironde, France		Veiddur	>18,5	26,7
Sanderla	853561	23.05.1996	Sandgerði, Gull.	Guðmundur A. Guðmundsson	Fullvaxinn (2. ára+)	14.05.2009	Sandgerði, Gull.		Tekinn lifandi, endurmerktur	>14,0	>18,6
Sendlingur	63751	22.05.1942	Hafurbjarnarstaðir, Miðnes, Gull	Hákon Vilhjálmsson	Fullvaxinn (2. ára+)	22.04.1951	Hafurbjarnarstaðir, Miðnes, Gull.		Tekinn lifandi, endurmerktur	>9,9	20,8
Lóuþræll	857793	17.07.1999	Austurfjörur, Hornafjörður, A-Sk Þórir Snorrason		Ungi	14.01.2013	Laugarás, Biskupstungur, Árn.		Tekinn í gildru, sleppt með sama merki	13,5	28,8
Hrossagaukur	755448	20.07.2001	Flatey, Breiðafjörður, A-Barð.	Sverrir Thorstensen	F	Fullo. með hreiður	18.06.2011	Flatley, Breiðafjörður, A-Barð.	Tekinn á hreiðri, sleppt með sama merki	>11,9	>16,3
Jaðrakan	629222	01.06.2003	Kaupangur, Eyjafjarðarsveit, Ey	Tómas G. Gunnarsson	Fullo. með hreiður	23.11.2015	Bowling Green Marsh, Devon, England		Lesið á litmerki	>14,5	23,6
Spói	551646	07.07.1996	Engidalur, Bárðardalur, S-Þing.	Kristlaug Pálsdóttir	Ungi	28.06.2006	Einarsstaðir, Reykjadalur, S-Þing.		Álitinn dreppinn í hreti/óveðri	10,0	16,1
Stelkur	747090	19.06.1993	Langhús, Fljót, Skag.	Þorlákur Sigurbjörnsson	Ungi	04.06.2008	Langhús, Fljót, Skag.		Tekinn á hreiðri, sleppt með sama merki	15,0	>26,9
Tildra	84160	23.05.1953	Hafurbjarnarstaðir, Miðnes, Gull	Hákon Vilhjálmsson	Fullvaxinn (2. ára+)	12.01.1972	Catterline, Kincardineshire, Scotland		Fundinn dauður	>19,7	>21,4
Óðinshani	9A8792	14.06.2004	Flatley, Breiðafjörður, A-Barð.	Sverrir Thorstensen	M	Fullo. með hreiður	19.06.2014	Flatley, Breiðafjörður, A-Barð.	Tekinn á hreiðri, sleppt með sama merki	>11,0	Ísland
Þórshani	933403	15.06.2006	A-Skaftafellssýsla	Yann Kolbeinsson	M	Fullvaxinn (2. ára+)	16.06.2012	V-Skaftafellssýsla	Lesið á litmerki	>7,0	Ísland
Kjói	448329	30.07.1982	Kvísker, Öræfi, A-Skaft.	Hálfán Björnsson	Ungi	07.08.2008	Fjallsjökull, Öræfi, A-Skaft.		Lesið á málmerki	26,0	31,1
Skúmur	226008	27.07.1977	Fagurhólmseyri, Öræfi, A-Skaft	Brathay Ex. Gr.	Ungi	23.06.2009	Breiðamerkursandur, Öræfi, A-Skaft.		Tekinn á hreiðri, sleppt með sama merki	31,9	34,5
Hettumáfur	529654	09.06.1985	Reykjavík, vestur	Erpur S. Hansen	Ungi	26.10.2003	Galway, Co. Galway, Eire		Lesið á málmerki	18,4	30,6
Stormáfur	529777	04.07.1985	Akureyrarfuglvöllur	Gunnlaugur Pétursson	Ungi	25.04.2012	Akureyri, suður		Lesið á málmerki	26,8	33,7
Sílamáfur	325133	25.06.1983	Hofsstaðir, Helgafellssveit, Snæf.	Trausti Tryggvason	Ungi	08.07.2007	Bekansstaðir, Hvalfjarðarsveit, Borg.		Skotinn	24,1	34,8
Silfurmáfur	38950	13.07.1971	Skrúður, S-Múl.	Agnar Ingólfsson	Ungi	20.10.2001	Kálfafjöll, Öxfjarðarheiði, N-Þing.		Skotinn	30,3	34,8
Hvítmáfur	232937	26.06.1983	Ámýrar, Helgafellssveit, Snæf.	Trausti Tryggvason	Ungi	25.09.2012	Þyrill, Hvalfjörður, Borg.		Skotinn	29,3	Ísland
Svartbakur	216956	04.07.1972	Vaðlar, Vöölavík, S-Múl.	Agnar Ingólfsson	Ungi	20.04.2000	Vattarnes, Reyðarfjörður, S-Múl.		Skotinn	27,8	29,2
Rita	523632	10.08.1979	Flatley, Breiðafjörður, A-Barð.	Trausti Tryggvason	Ungi	16.06.2004	Flatley, Breiðafjörður, A-Barð.		Fundinn dauður, rekinn	24,9	28,5
Kría	H10379	27.06.1930	Grímsstaðir, Mývatn, S-Þing.	Jóhannes/Ragnar Sigfinns. (S)	Ungi	01.08.1955	Ljótsstaðir, Laxárdalur, S-Þing.		Fundinn löngu dauður við girðingu	25,1	30,9
Langvia	316520	20.07.1975	Stórhöfði, Heimaey, Vestm.	Óskar J. Sigurðsson	Fullvaxinn (4. ára+)	17.04.1999	Á sjó, Vestmannaeyjar, við Heimaey		Skotinn	>26,8	42,8
Stuttnefja	320083	05.06.1989	Látrabjarg, V-Barð.	Arnbjörn Garðarsson	Fullo. með hreiður	27.12.2007	Itillaq, Toonaarsuk, Nanortalik, Greenland		Skotinn	>22,6	?
Álka	469302	11.07.1982	Grímsey, Eyf.	Ævar Petersen	Ungi	15.12.2010	Á sjó, Eyjafjörður, út af Hjalteyri, Eyf.		Skotinn	28,4	42,0
Teista	521881	26.07.1978	Flatley, Breiðafjörður, A-Barð.	Ævar Petersen	Ungi	01.06.2005	Á sjó, Breiðafjörður, SV af Kópaflögu, V-Ba Drapst í gráleppuneti		Skotinn	26,9	29,9
Lundi	419584	05.08.1963	Stórhöfði, Heimaey, Vestm.	Óskar J. Sigurðsson	Fullvaxinn (3. ára+)	19.07.1999	Elliðaey, Vestm.		Tekinn í háf og dreppinn	38,0	40,8
Brandugla	331901	11.05.1996	Skútustaðir, Mývatn, S-Þing.	Arnór Þ. Sigfusson	Fullvaxinn (2. ára+)	01.06.1999	Skútustaðir, Mývatn, S-Þing.		Fundinn dauður	>4,1	20,8
Þúfutíttlingur	941968	18.06.1988	Víðifell, Fnjóskadalur, S-Þing.	Sverrir Thorstensen	Ungi	01.11.1994	Coria Del Rio, Sevilla, Spain		Veiddur	6,4	>8,8
Maríuerla	9A27168	03.05.2007	Einarsslundur, Höfn, Hornafjörður Fuglaathugunarstöð SA-lands		F	Fullvaxinn (1. árs+)	05.10.2013	Ásólfsskáli, V-Eyjafjöll, Rang.	Lesið á málmerki	>6,4	>13,7
Músarrindill	9A28931	14.10.2007	Einarsslundur, Höfn, Hornafjörður Fuglaathugunarstöð SA-lands		Fullvaxinn (1. árs+)	05.11.2009	Einarsslundur, Höfn, Hornafjörður, A-Skaft.		Tekinn lifandi, sleppt með sama merki	>2,1	6,8
Steindepill	95517	29.06.1957	Hafurbjarnarstaðir, Miðnes, Gull	Hákon Vilhjálmsson	Fullvaxinn (2. ára+)	16.08.1961	Hafurbjarnarstaðir, Miðnes, Gull.		Tekinn lifandi, sleppt með sama merki	>5,1	10,1
Svartþróstur	864027	17.05.2001	Reykjavík, mið	Gunnar Þ. Hallgrímsson	M	Fullvaxinn (2. ára+)	02.03.2010	Reykjavík, mið	Lesið á litmerki, ekki merkingamaður	>9,8	21,8
Skógarþróstur	819544	08.10.1961	Reykjavík, mið	Sigurður Samúelsson	Fullvaxinn (1. árs+)	27.01.1970	Dossaos, Vila Verde, Minho, Portugal		Skotinn	>8,3	17,3
Glókollur	9B0004	30.09.2013	Akureyri, norður	Sverrir Thorstensen	Fullvaxinn (1. árs+)	06.05.2014	Akureyri, norður		Fundinn dauður	>0,6	5,4
Hrafn	211580	09.06.1983	Ekkjufell, Fell, N-Múl.	Skarphéðinn Þórisson	Ungi	16.01.2002	Eskifjarðarbær		Skotinn	18,6	23,3
Stari	730923	14.12.1975	Reykjavík, vestur	Þorvaldur Björnsson	Fullvaxinn (1. árs+)	06.01.1984	Reykir, Hrútafjörður, V-Hún.		Fundinn nýdaudur	>8,1	22,9
Auðnuntíttlingur	9A41382	21.04.2013	Húsavík, S-Þing.	Yann Kolbeinsson	Fullvaxinn (2. ára+)	22.04.2016	Húsavík, S-Þing.		Lesið á málmerki	>3,8	12,2
Snjótíttlingur	9A13875	12.01.2004	Akureyri, norður	Sverrir Thorstensen	M	Fullvaxinn (2. ár)	13.04.2013	Engidalur, Bárðardalur, S-Þing.	Tekinn í gildru, sleppt með sama merki	9,8	Ísland